

REGLUGERÐ

um bólusetningu sauðfjár og geitfjár til varnar garnaveiki.

1. gr.

Markmið og yfirstjórn.

Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að útrýmingu garnaveiki í jórturdýrum með samstilltu átaki búfjáreigenda, Landbúnaðarstofnunar, dýralækna og sveitarfélaga.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem reglugerðin tekur til.

Landbúnaðarstofnun annast eftirlit með framkvæmd bólusetningar.

2. gr.

Skylda til bólusetningar.

Eigandi/umráðamaður sauðfjár og/eða geita á svæðum sem tilgreind eru í viðauka I við þessa reglugerð skal láta bólusetja öll ásetningslömb/kið til varnar garnaveiki á tímabilinu frá 15. september til 31. desember ár hvert. Landbúnaðarstofnun getur ákveðið að bólusetning hefjist nokkru fyrir á bæjum þar sem mikil hættu er talin á því að garnaveiki leynist.

Eigandi/umráðamanni er skylt að smala fé sínu til bólusetningar og tilkynna Landbúnaðarstofnun (héraðsdýralækni) svo fljótt sem auðið er um síðheimt óbólusett fé. Ásetningslömb og kið sem heimtast eftir áramót skal bólusetja svo fljótt sem unnt er.

3. gr.

Undanþágur frá skyldu til bólusetningar.

Landbúnaðarstofnun getur leyft að bólusetningu hjarðar sé frestað um tiltekinn tíma, ef sérstaklega stendur á s.s. vegna veikinda í hjörðinni.

Ekki er skylt að bólusetja lömb/kið sem ráðgert er að slátra fyrir áramót en þau skal hins vegar skrá sérstaklega í bólusetningarskýrslu. Óheimilt er að gefa undanþágu frá bólusetningarskyldu fyrir lömb, sem ráðgert er að slátra eftir áramót.

Landbúnaðarstofnun getur veitt undanþágu frá bólusetningarskyldu fyrir sauðfé og geitur á svæðum þar sem ella bæri að bólusetja, enda sé fé ekki flutt til lífs til eða frá viðkomandi svæðum.

Hafi garnaveiki ekki greinst í jórturdýrum í 10 ár í tilteknu varnarhólfu skal Landbúnaðarstofnun leggja til við ráðherra að bólusetningu verði hætt enda álíti stofnunin að garnaveiki hafi verið útrýmt í hólfinu. Stofnunin skal láta fara fram könnun á viðhorfi eigenda/umráðamanna og á heilsufari og vanhöldum jórturdýra í hólfinu áður en tillaga er gerð.

Sé bólusetningu haldið áfram eftir að bólusetningarskylda er aflögð er eiganda/umráðamanni skylt að tilkynna um bólusetninguna til Landbúnaðarstofnunar.

Finnist garnaveiki á nýju svæði eða á ný þar sem bólusetning hefur verið aflögð er eigendum/umráðamönnum skylt að láta bólusetja eldra fé auk lamba samkvæmt ákvörðun Landbúnaðarstofnunar.

4. gr.

Skrásetning á fé sem ber að bólusetja.

Landbúnaðarstofnun tekur saman aðgengilega lista úr skýrslum búfjárefirlitsmanna frá fyrra ári yfir eigendur sauðfjár og geitfjár í umdæmi hvers héraðsdýralæknis. Gerð þessa lista skal lokið fyrir 15. september á hverju ári.

Héraðsdýralæknir (Landbúnaðarstofnun) skal hafa samráð við þá sem gerst vita í hverju sveitarfélagi, s.s. sveitarstjórnir, samtök fjáreigenda eða bólusetningarmenn, um hvort nýir fjáreigendur hafi bæst við eða aðrir hætt fjárbúskap á liðnu ári.

Eigi síðar en 1. nóvember ár hvert skal eigandi/umráðamaður sauðfjár og/eða geitfjár á þeim svæðum sem tilgreind eru í viðauka I við þessa reglugerð tilkynna Landbúnaðarstofnun (héraðsdýralækni), á sérstökum eyðublöðum sem Landbúnaðarstofnun lætur honum í té, um áætlaðan fjölda ásetningslamba og kiða og staðsetningu þeirra.

5. gr.

Bólusetningarmenn.

Landbúnaðarstofnun skal útnefna bólusetningarmann/menn fyrir tiltekið landsvæði að höfðu samráði við sveitarfélög á svæðinu. Bólusetningarmaður skal bera ábyrgð á bólusetningu á svæði því sem honum hefur verið úthlutað. Fyrir 20. janúar skal hann gera grein fyrir bólusetningu á öllum bæjum á svæði sínu þar sem sauðfé og geitur eru haldnar. Hafi aðrir en hann bólusett á svæðinu skal hann gera grein fyrir því. Hann skal sérstaklega gera grein fyrir bæjum þar sem bólusetning hefur ekki farið fram og fyrir ástæðum þess.

Landbúnaðarstofnun (héraðsdýralækni) er heimilt að útnefna leikmenn sem bólusetningarmenn, með heimild í reglugerð nr. 539/2000 um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum.

6. gr.

Um framkvæmd bólusetningar og meðferð fjár.

Bólusetja skal undir húð, milli skinns og hörunds, aftast og efst í snögga blettinn innan við hægri olnboga. Óheimilt er að hafa óbólusett lömb/kið með eldra fé í sömu fjárhúskró eða í þröngum beitarhólfum að hausti.

Í viðauka II eru nánari fyrirmæli um verklag við bólusetningu og meðferð lamba/kiða eftir bólusetningu.

7. gr.

Eftirlit Landbúnaðarstofnunar.

Landbúnaðarstofnun skal hlutast til um, að nægilegt bóluefni sé fyrir hendi þegar bólusetning fer fram og gefa út bólusetningarskýrslu (eyðublöð) sem fylla skal út við bólusetningu.

Landbúnaðarstofnun er heimilt að láta framkvæma eftirlitsskoðun á bólusettu sauðfé og geitfé til könnunar á árangri bólusetningar svo snemma sem mánuði eftir bólusetningu. Komi í ljós, að eigi séu finnanleg merki eftir fyrri bólusetningu, er eiganda/umráðamanni skylt að láta bólusetja á ný svo fljótt sem verða má.

Öllum þeim sem framkvæma bólusetningu er skylt að skila til Landbúnaðarstofnunar bólusetningarskýrslum fyrir 20. janúar hvert ár. Landbúnaðarstofnun safnar saman og vinnur úr skýrslunum.

Skili bólusetningarskýrslur sér ekki á tilskildum tíma skal Landbúnaðarstofnun kanna hverju það sætir. Hafi bólusetning verið vanrækt og eigandi/umráðamaður lætur ekki bæta úr því innan frests sem Landbúnaðarstofnun setur honum skal stofnunin láta bólusetja fé á kostnað eiganda/umráðamanns.

8. gr.

Kostnaður af bólusetningu.

Kostnað af framkvæmd bólusetningar og endurbólusetningar, s.s. af kaupum á bóluefni og vinnu bólusetningarmanna bera eigendur/umráðamenn hins bólusetta fjárstofns.

Sveitarfélögum er heimilt að taka á sig allan kostnað, eða hluta kostnaðar, af bólu-
setningu. Sveitarfélögum er heimilt að bjóða út vinnu við bólusetningu.

Landbúnaðarstofnun ber kostnað af starfi héraðsdýralækna við stjórnsýslueftirlit með
bólusetningu.

9. gr.

Viðurlög, gildistaka o.fl.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt lögum um dýra-
sjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti
opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 29. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim
nr. 25/1993 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni nr.
638/1997 og nr. 913/1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. október 2007.

Einar K. Guðfinnsson.

Arnór Snæbjörnsson.

VIÐAUKI I

Á eftirgreindum svæðum er skylt að bólusetja öll ásetningslömb/kið til varnar garnaveiki,
sbr. 2. gr. reglugerðarinnar:

1. Suðurland, Suðvesturland og Vesturland frá Markarfljóti að varnarlínu úr Gilsfirði í
Bitru. Ekki er þó skylt að bólusetja á fjárskiptabæjum í Biskupstungum eða í
Vestmannaeyjum.
2. Norðurland frá Húnaflóa að Skjálfandafljóti. Ekki er þó skylt að bólusetja í
Miðfjarðarhólfi eða í Grímsey.
3. Austurland og Suðausturland frá botni Berufjarðar að Jökulsá á Breiðamerkursandi.

VIÐAUKI II

Fyrirmæli um verklag við bólusetningu á sauðfé með garnaveikibóluefni.

Bólusetning gegn garnaveiki er vandasamari en önnur bólusetning. Gæta verður ítrasta
hreinslætis og smitvarna í hvívetna, ella geta komið fram langvinnar og hvítleiðar bólgur og
ígerðir í bólusettri kind eða geit. Sama hættu er fyrir bólusetningamenn, sem stinga sig á
bólusetningarnál. Ef það gerist, er þeim eindregið ráðlagt að fara sem fyrst til læknis. Öll
bólusett lömb og kið fá sótthita og bólguþrimil fáum dögum eftir bólusetningu. Sótthitinn
lækkar á nokkrum dögum, en þrymillinn, sem á alltaf að finnast, dregst saman á fáum vikum
og verður sjaldnast stærri en sauðarvala, ef bólusetningin er rétt framkvæmd.

1. Aðstaða við bólusetningu.

Áður en bólusetning hefst, skal velja hentugan stað, þar sem birta eða lýsing er góð.
Tryggja verður næga aðstoð, svo að verkið gangi án óþarfa tafa og slysalaust. Auðkenna skal
lömbin jafnóðum og þau eru bólusett til að tryggja að ekkert þeirra verði útundan. Sótthreinsa
skal stungustaðinn vandlega og bólusetja skal aftast og efst í snögga blettinn við hægri

olnboga. Setja skal kindina á afturendann og halda báðum framfötum tryggilega meðan bólusetting er. Ef lambið er órúíð við bólusetningu skal aðstoðarmaður halda með vinstri hönd um framfætur lambsins, en strjúka með hægri hönd ullina frá snögga blettinum.

2. Búnaður til bólusetningar, sóttthreinsun á húð.

Nota skal einnota sprautur (t.d. 10 ml) og nálar (t.d. 0,9 mm) við bólusetningu. Óheimilt er að nota sjálfvirkar eða hálf sjálfvirkar dælur. Gæta skal þess að hafa nægar nálar handbærar, svo að hægt sé hvenær sem er að skipta, ef nál óhreinkast. Sprautuna má nota á allan hópinn, ef hún óhreinkast ekki sjáanlega, en nauðsynlegt er að skipta um nál við fimmta til tíunda hvert lamb eða oftár. Sóttthreinsa skal stungustað vandlega, áður en sprautað er, helst með jóðspritti.

3. Bólusetning.

Brúna botnfallið í glasinu er hið virka varnarefni. Það sest fljótlega til. Bóluefnið þykknar í kulda og blandast þá verr. Velgið glasið í lófa eða vasa, veltið því og hristið rækilega, þar til botnfallið er horfið. Sóttthreinsið tappann með spritti eða öðru hentugu sóttthreinsiefni, rekið nálina í gegnum skífuna og dragið hæfilegt magn í dæluna. Sprautið rétt undir húðina en alls ekki undir himnu eða í vöðva. Best er að taka í húðina svo að felling myndist og beina nálinni á ská inn í fellinguna. Rétt er að sneiðingin í nálinni vísi inn, þá er síður hætt á að stingist of djúpt. Skammtur í hverja kind er 1 ml. Veltið sprautunni reglulega til að ekki setjist til í henni.

4. Almenn atriði fyrir fjáreigendur.

Látið ásetningslömb ekki ganga á túnnum með fullorðnu fé að hausti og hafið ekki fullorðið fé í sömu stíum á húsi og ásetningslömbin (smitberar). Haldið drykkjarlátum hreinum. Leitast skal við að bólusetja lömbin eins snemma að haustinu og við verður komið, þá verður þeim minnst um bólusetninguna og minni líkur á að þau séu þá þegar sýkt. Reynsla hefur sýnt að til þess að halda garnaveiki í sauðfé í skefjum, þarf að bólusetja undantekningarlaust öll lömb, sem ekki verður slátrað fyrir áramót. Eitt óbólusett lamb getur viðhaldið veikinni um árabíl.

Notuðum sprautum, nálum og glösum frá þessari bólusetningu skal halda til haga og pakka, flytja og farga skv. reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.